



## *Kiwanisfréttir*

### **Skýrsla ritstjóra Kiwanisfrétta og upplýsinga- og blaðafulltrúa Umdæmisins til Umdæmisstjórnarfundar 23. september 2011**

Undanfarnar vikur hafa farið í að undirbúa útkomu Þingblaðsins í samstarfi við formann þingnefndar Stefán Jónsson – það hefur verið ákaflega skemmtileg vinna og hefur samvinna við Stefán verið einstaklega ánægjuleg – og hefur hann alltaf tekið mér ljúfmannlega, þrátt fyrir margar símhringingar og tölvupósta fram og til baka, jafnt um helgar sem virka daga.

Þegar fyrsta próförk lá fyrir var blaðið komið í 36 síður en mér var uppálagt að koma því niður í 32 bls. og það tókst með því að henda út efni og minnka umgjörð auglýsinga.

Eins og ég gat um í skýrslu minni í apríl skipti ég um prentsmiðju með samþykki umdæmisstjórnar – fór frá Viðey yfir til Odda, ég er afskaplega glöð yfir þeim skiptum. Þeir hjá Odda taka mér þannig, að það er eins og við séum ein í heiminum og allt snýst um okkur. Þeir buðu okkur 5% afslátt af póstburðargjöldum sem og ég þáði. Ég er mjög sátt við þessa hlið málsins. Prentkostnaður hefur lækkað um rúmlega 100 þús kr. á blað og ekki bara það, heldur plasta þeir og merkja blaðið fyrir mjög lága upphæð í stað þess, að við þurftum sjálf að kaupa límmiða – prenta á þá og var þessi kostnaður mun meiri.

Starf mitt, á þessu starfsári hefur meira og minna einkennst að vinnu með Hjördís í Kvennanefndinni, þá hef ég komið að Hjálmaverkefningu og K-degi sem upplýsinga- og blaðafulltrúi, ég var í samskiptum við „lifandi“ fjölmiðla til að reyna að koma verkefnum okkar fram í dagsljósið. Það gekk ekki sem skyldi, en varð þó glöð þegar blaðamaður frá Morgunblaðinu og fréttamaður frá Sjónvarpinu mættu á Bessastaði vegna K-dagsins. Held ég fyrst og fremst að afskiptaleyfi fjölmiðla sé, vegna þess að ég hef ekki aðgang að netfangi sem endar á kiwanis.is og tel ég það skipti höfuð máli.

Ég hef verið að senda pósta af mínu netfangi og finnst mér eins og fjölmiðlar opni þau ekki – telja að þarna sé gömul kona úr Árbænum að kvarta og opna því ekki póstinn.

Að lokum vil ég þakka Óskari og hans stjórn fyrir frábært samstarf og hlakka til að takast á nýtt starfsár með Ragnari og hans stjórn.

Með Kiwaniskveðju

Þyri Marta Baldursdóttir